

Nr. 4/1902: Sigurður Thoroddsen
 gegn
 Tryggva Gunnarssyni.

D ó m u r:

Mál þetta var í héraði höfðað af hinum stefnda bankastjóra Tryggva Gunnarssyni gegn áfrýjandanum verkfræðing Sigurði Thoroddsen út af ýmsum ummælum í grein einni í blaðinu »Þjóðólfur«, 33. tölubl. 52 árg., sem út kom 13. júlí 1900, og var grein þessi með yfirskriftinni: »Þórarinn Jóhannsson og Tryggvi Gunnarsson«, en undirskrifuð af Sigurði Thoroddsen, enda hefir hann kannast við, að hafa ritað hana. Málinu var ráðið til lykta með bæjarþingsdómi Reykjavíkur, uppkveðnum 29. ágústm. f. á., á þá leið, að ummæli þau í blaðgreininni, sem Tryggvi Gunnarsson hafði átalíð, voru dæmd dauð og ómerk, og að Sigurður Thoroddsen var dæmdur til að greiða 50 króna sekt í landssjóð, eða sæta 10 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi greiddist í tækan tíma, svo og til að greiða sækjanda í héraði 20 kr. í málskostnað. — Dómi þessum hefir verkfræðingur Sigurður Thoroddsen skotið til yfirréttarins með stefnu, dags. 8. marz þ. á., og krafist þess, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, eða til vara, að hin ídæmda sekt verði lækkuð svo mikið sem verða má, og að Tryggvi Gunnarsson verði dæmdur til að greiða allan málskostnað eftir mati réttarins, hvernig sem málið fer. — Stefndi bankastjóri Tryggvi Gunnarsson hefir af sinni hálfu

krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Ummæli þau í áminstri grein »Þjóðólfs«, sem stefndi hefir á talið og undirdómarinn dæmt ómerk og saknæm, eru þessi: »Hér kemur fyrst fram opinberlega árangurinn af margra ára rógburði eins manns um mig — Tryggva bankastjóra Gunnarssonar — og eg fæ því tækifæri til þess að sýna fram á bankastjórans sannleiksást og samvizkusemi í árásum hans á mig; — »hefir hann þó verið að rægja mig á þingi við þingmennina, af því hann hefir haldið, að þar gætu áhrifin orðið skadlegust fyrir mig; þar hefir hann komið með ýmsar ósanninda- og þvaðurs-sögur um mig; »Út úr þessu býr svo Tr. það til, að eg hafi ekki viljað fara, og notar það til að sverta mig í augum þingmanna, og þetta er því lúalegra, þar sem eg var fjarstaddur og gat ekki borið hönd fyrir höfuð mér«. Þar sem áfrýjandi með þessum ummælum ber það á stefnda, að hann hafi í mörg ár rógborið sig, að hann hafi rægt sig á þingi við þingmennina, af því að hann hafi haldið, að þar gætu áhrifin orðin skadlegust, að hann hafi bíúið til sögu, til þess að sverta sig í augum þingmanna, og að aðferð hans hafi verið því lúalegri, þar sem henni hafi verið beitt við sig fjarstaddan, — þá verður að fallast á það álit undirdómarans, að öll þessi ummæli séu freklega meiðandi fyrir stefnda. En áfrýjandi hefir af sinni hálfu haldið því fram,

að ummæli þessi væri sönn, og ættu við rök að styðjast, og hefir hann í því efni vitnað til þess, sem stefndi hefir sagt um hann við ýmisleg tækifæri í ræðum sínum á alþingi, einkum 1897. En þó að hinar tilvitnuðu ræður stefnda beri vott um það, að hann hafi eigi traust á áfrýjanda og að hann álíti hann eigi vera vaxinn þeim starfa, sem hann hefir á hendi, og þó að stefndi hafi í þeim mjög fundið að starfsemi áfrýjanda sem verkfræðing landsins, þá er þó engin ástæða til að kalla þær rögburð, eða halda því fram, að stefndi hafi haldið ræður þessar til þess að sverta áfrýjanda. Það verður að líta svo á, að stefndi hafi álitid sér það skylt sem alþingismaður, að finna óvægilega að þeim aðgjörðum áfrýjanda, sem honum þóttu óheppilegar, og það hlaut honum að vera heimilt. En frekar en þetta verður eigi lagt í hinar tilvitnuðu alþingisræður. Með því að áfrýjandi hefir eigi heldur á annan hátt réttlætt hin átöldu ummæli sín um stefnda, verður að dæma þau ómerk, eins og undirdómurinn hefir gjört, og sekta áfrýjanda fyrir þau samkvæmt 219. grein hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, og þar sem sektarákvæði bæjarþingsdómsins þykir hæfilegt, og ákvæði hans um vararefsinguna og málskostnað í héraði samþykkjast, verður að staðfesta nefndan dóm í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi og að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 krónur.

Þvi dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi Sigurður Thoroddsen greiði stefnda Tryggva Gunnarssyni málskostnað fyrir yfirdómi með 20 krónum.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 13/1902:

Halldór Bjarnarson

gegn

Ásgrími Magnússyni.

D ó m u r:

Í máli þessu var áfrýjunarstefna útgefin á skrifstofu yfirdómsins 9. maím. þ. á., og átti málið að koma fyrir yfirdóminn samkvæmt stefnunni 28. júlí þ. á., en þá mætti áfrýjandi eigi og enginn af hans hendi. Aftur á móti mætti í réttinum greindan dag málsfærslumaður stefnda og krafðist kosts og tæringar hjá áfrýjanda, og ber að taka þá kröfu til greina og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda í téðu skyni samkvæmt N. L. 1—4 —34 6 krónur.

Þvi dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Halldór prestur Bjarnarson á Presthólum greiði stefnda Ásgrími Magnússyni barnakennara 6 — sex — krónur,